

Stjórnarfundur 27.april:

Síðasta próf rætt.

Góð þáttaka og góðir dómara, frábært veður og almenn ánægja hjá þáttakendum. Alltaf gaman þegar allir eru kátir.

Nýr styrktaraðili datt inn á síðustu dögum fyrir próf, Belcando eða Vet.is. Þau ætla að styrkja eitt próf með fóðurverðlaunum og svo 60.000 kr á ári. Ótrúlega fínt að fá aftur inn styrktaraðila fyrir vorprófið. Famous styrkti líka rosalega vel, gaf skurð á verðlaunaglös og viskí. Var umtalað hvað glösin væru sniðug og flott verðlaun. Planið er að kaupa meira af þeim og hafa klár á lager.

Sækikeppnin var aðeins rædd og einhverjar skemmtilegar útfærslur á henni.... sem eru ekki gefnar upp strax.

Svo styttest í sækipróf þar sem Vorstehdeild er með fyrsta prófið. Erlendur dómari, námskeið og fyrirlestur.

Bréf kom frá Kjartani Antonssyni og þar meðal annars farið þess á leit við stjórn að hún beiti sér fyrir því að lágmarks þörunaraldur tíka verði lækkaður úr 24 mánaða niður í 18 mánaða.

Eftir skoðun þá þykir stjórn ekki ástæða til þess. Örfáar smáhundategundir hafa fengið þessa undanþágu hjá HRFÍ. Það er mikið álag fyrir tíkur að bera hvolpa og Vorsteh er stór vinnuhundur og þarf að fá tíma til að þroskast fyrstu 2 árin til að vera í stakk búinn til að takast á við þau átök sem fylgir þeirri vinnu sem ætlast er til af honum og hann ræktaður til. Það verður því bara að taka því ef þannig myndi standa á að tík væri fyrst að lóða eftir 2ja ára aldurinn orðin t.d. ca 33 mánaða þá líklega á 3ja lóðari. Einnig er ræktunarmarkmið deildarinnar þannig að þar er mælt með einkunnum í OF á sýningum og prófum sem miðast við 2ja ára aldurinn (OF), þótt að það sé hægt að skrá yngri hunda í OF á sýningum er það ekki hægt á heiðaprófum.

Umsóknir um veiðipróf 2019 voru rædd og verða sendar inn fyrir 1 mai. Hefbundnar dagsetningar notaðar, 2 heiðapróf og eitt sækipróf.

Einnig var sent inn uppgjör vegna Belcando prófsins sem kom ágætlega út og það aðeins rætt. Fundi slitið.

Mættir: Gunnar Pétur, Guðmundur, Guðni Stefánsson, Sigurður Arnet Vilhjálmsson, Lárus Eggertsson